



Rekstrarleyfi til fiskeldis
Rekstrarleyfisnúmer: IS-36126
Guðlaugur H. Kristmundsson
Lækjarbotnableikja.

1. Rekstrarleyfishafi

Handhafi leyfis þessa er Guðlaugur H. Kristmundsson, kt. 121154-5529., Lækjarbotnar, 851 Hella. Leyfið er gefið út af Fiskistofu í samræmi við ákvæði laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Framsal, leiga og veðsetning á rekstrarleyfi til fiskeldis er óheimil án samþykkis Fiskistofu, sbr. 17 gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Tilkynna skal Fiskistofu um breytingar á eignaraðild. Verði verulegar breytingar á forsendum fyrir rekstri fiskeldisstöðvar, s.s. er varðar eldistegund eða eldisaðferðir skal sækja um rekstrarleyfi að nýju eða breytingu á rekstrarleyfi.

2. Leyfileg framleiðsla

Með vísan til 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi heimilar Fiskistofa hér með Guðlaugi H. Kristmundssyni (Lækjarbotnableikju), að stunda landeldi á bleikju í eldiskerjum á landi með afrennsli í ferskt vatn, þar sem heimilt er að framleiða allt að 20 tonnum árlega. Ársframleiðsla er miðuð við almanaksár. Eingöngu er heimilt að ala þær tegundir, sem tilgreindar eru í rekstrarleyfi.

3. Staðsetning og búnaður

3.1 Staðsetning eldisstöðvar er að Lækjarbotnum í Landsveit. Rekstrarleyfishafa er óheimilt að starfa utan starfssvæðis eldisstöðvar. Nota skal búnað sem fullnægir kröfum Fiskistofu, sem grundvallast á lögum nr. 71/2008 um fiskeldi og tilheyrandi reglugerð nr. 401 frá 18 apríl 2012. Notkun á innfluttum notuðum búnaði til eldisins er óheimill. Í stöðinni skal hindra slysasleppingar með því að koma fyrir búnaði í frárennsli sem tryggir að lifandi fiskur sleppi ekki út úr eldisstöð.

3.2 Frárennsli og innrennsli skal útbúið með netsigti sem geri það fiskhelt en verði að öðru leyti í samræmi við kröfur viðkomandi heilbrigðisfyrivalda.

3.3 Tæki sem notuð eru til flutnings á lifandi eldisfiskum skulu vera þannig gerð að auðvelt sé að þrifa þau og sótthreinsa og skulu þau ávallt þrifuð á flutningi loknum. Auk þess skulu tækin sótthreinsuð ef hefja á flutning frá nýjum aðila.

Ef vatn er notað í landflutningum skulu flutningatækin þannig úr garði gerð að vatn geti ekki lekið út meðan á flutningunum stendur.

4. Eftirlit

4.1 Fiskistofa hefur eftirlit með fiskeldisstöðvum í samræmi við fyrirmæli laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Eftirlitið skal ná til rekstrar- og fiskeldispátta í starfsemi stöðvanna og þess að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin. Matvælastofnun hefur eftirlit með heilbrigði fiska og heilnæmi eldisafurða í samræmi við lög þar að lútandi.

4.2 Til að Fiskistofa geti framkvæmt eftirlit skv. 1. mgr. 14. gr. laga um fiskeldi skal rekstrarleyfishafi árlega gefa Fiskistofu skýrslu um starfsemi sína. Þar skulu m.a. koma fram



F I S K I S T O F A

Dalsbrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

upplýsingar um framleiðslumagn stöðvar, eldisrými, fóðurnotkun, birgðir af fiski, uppruna hans, sjúkdóma og önnur óhöpp í rekstri, svo og önnur þau atriði sem stofnuninni eru nauðsynleg til virks eftirlits samkvæmt lögum þessum. Þá skal færð dagbók um starfsemina í fiskeldisstöðvum samkvæmt reglugerð sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setur. Fiskistofu skal ætíð vera heimill aðgangur að eldisstöð og dagbók hennar.

5. Innra eftirlit

Forsvarsmaður fiskeldisstöðvar sem sér um daglegan rekstur skal hafa eftirlit með umhverfispáttum, heilbrigði og velferð lagardýra, þar með talið mannvirkjum og búnaði.

6. Gildistaka

Óheimilt er að flytja eldisfisk, seiði eða hrogn í fiskeldisstöð fyrr en rekstrarleyfi er fengið og að lokinni úttekt Fiskistofu. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilmálum rekstrarleyfis. Miðað er við að úttekt hafi farið fram eigi síðar en einum mánuði frá útgáfudagsetningu leyfisins. Ef starfsemi er ekki hafin innan mánaðar frá útgáfu leyfisins má sækja um frestun á úttekt. Rekstrarleyfi þetta gildir í 10 ár frá útgáfudegi og gildir til **3. apríl 2024**.

7. Afturköllun

7.1 Ef fiskeldisstöð hefur ekki innan 24 mánaða frá útgáfu rekstrarleyfis hafið starfsemi er Fiskistofu heimilt að fella rekstrarleyfi úr gildi. Sama gildir ef starfsemi fiskeldisstöðvar stöðvast í 24 mánuði.

7.2 Fiskistofa getur afturkallað rekstrarleyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laga þessara (nr. 71/2008 um fiskeldi) eða stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra. Einnig er heimilt að afturkalla leyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn skilyrðum rekstrarleyfis eða skilyrðum þess er að öðru leyti ekki fullnægt. Þá er og heimilt að afturkalla rekstrarleyfi ef leyfishafi verður ófær um að stunda rekstur og þegar eldisfiskur sleppur ítrekað frá fiskeldisstöð.

7.3 Rekstrarleyfið er einnig háð skilyrðum reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli ofangreindra laga.

8. Gjaldtaka

Fyrir eftirlit Fiskistofu eða faggiltra eftirlitsaðila á hennar vegum skulu fiskeldisstöðvar greiða árlegt eftirlitsgjald sem miðast við raunkostnað við eftirlitið samkvæmt gjaldskrá sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra staðfestir. Eftirlitsgjald skal innheimt með einni greiðslu á ári eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Fiskistofa skal annast innheimtu eftirlitsgjaldsins. Ef eftirlitsgjald er ekki greitt á eindaga reiknast hæstu lögleyfðir dráttarvextir af fjárhæð þess frá gjalddaga til greiðsludags. Eftirlitsgjald má innheimta með fjárnámi.

Hafnarfjörður 28 febrúar 2014

GV Stef

Guðmundur Valur Stefánsson
deildarstjóri fiskeldisdeildar

